

## Við upphaf skólaárs

Verzlunarskólinn var settur í 110. sinn þriðjudaginn 18. ágúst síðastliðinn. Sjaldan hefur ríkt jafnmikil eftirvænting eftir að hefja nýtt skólaár enda markar þetta ár upphafið að miklum breytingum í kjölfar styttingar náms til stúdentsprófs. Mikil vinna hefur verið lögð í að endurskipuleggja námið frá grunni með það að markmiði að auka fjölbreytni og að nýtt stúdentspróf verði ekki síðra en það sem verið hefur. Eldri nemendur munu lítið verða varir við breytingarnar en þó hefur skólaárið lengst um 5 daga hjá öllum nemendum framhaldsskólanna.

Í fyrsta sinn í mörg ár hefur nemendum fækkað milli ára en það skýrist af því að ekki fékkst heimild til að innrita sama fjölda nýnema og undanfarin ár. Alls hefja 1179 nemendur í 47 bekkjum nám við skólann.

## Félagslíf nemenda

Starfsemi nemendafélagsins fer kröftuglega af stað. Ritnefnd Viljans vann í allt sumar að útgáfu Vonarinnir, sem gefin var út í fyrsta sinn. Blaðið er upplýsingarit til nýnema og var sent heim til þeirra. Í blaðinu má býsna vel glöggva sig á menningu nemendasamfélagsins og fróðlegt fyrir foreldra og forráðamenn að kynna sér hvað tekur við hjá nemendum í nýjum skóla. Ritnefnd Verzlunarskólalablaðsins vann í sumar að Snobbinu, sem er bæði dagbók og viðburðadagatal. Allir nemendur skólans hafa fengið það í hendur.

Listafélagið hefur nú þegar staðið fyrir leiklistarnámskeiði sem haldið var í íþróttasalnum. Námskeiðið var vel sótt og skemmtu nemendur sér vel. Sérstaklega gaman að sjá hversu margir nýnemar voru mættir. Farið var í hópeflis- og spunaleiki, lært að nota röddina og aðeins farið út fyrir þægindarammann. Margir hverjir voru að mæta í sínar fyrstu prufur og stóðu sig með

stakri þrýði. Ánægjulegt var að heyra nemendur ræða um hversu gaman það hefði verið að ögra sjálfum sér og prófa eitthvað nýtt. 42 mættu svo í prufur fyrir leikritið sem verður frumsýnt í Bláa sal þann 6. nóvember og verður auglýst síðar. Málfundafélagið fer einnig rösklega af stað. Þegar hefur verið staðið fyrir ræðunámskeiði, MORFÍS prufum og forprófi fyrir Gettu betur. Málfundafélagið stendur fyrir málfundi miðvikudaginn 2. september um inntöku nýnema í framhaldsskóla, m.a. með tilliti til einkunnaverðbólgu sem tíðrætt hefur verið um.

Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til þess að ræða við börn sín um félagslífið innan skólans og fylgjast með því sem þar fer fram. Þátttaka í heilbrigðu félagslífi samhliða náminu stuðlar enn frekar að alhliða þroska.

## Nýnemavikan

Þessa vikuna stendur svokölluð nýnemavika yfir. Skemmtinefnd hefur veg og vanda að vikunni sem miðar að því að bjóða nýnema velkomna og standa fyrir ýmsum uppákomum með þeim, t.d. bekkjakeppni í karóki og reiptogi. Vikan nær hámarki föstudaginn 4. september þegar nýnemar halda til Stokkseyrar og gista þar eina nótt. Þar stýrir skemmtinefnd þéttskipaðri dagskrá og verður m.a. farið í ratleik, grillaðar pylsur og haldin kvöldvaka.



## Bókasafn

Bókasafn Verzlunarskólans er upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og alla þá sem við hann starfa. Nemendur eru hvattir til þess að nýta sér mjög góða aðstöðu safnsins til náms og frekari fróðleiks. Bókasafnið er opið mánudaga – fimmtudaga kl. 8-19, föstudaga kl. 08-16. Opnunartíminn lengist síðan á prófatíma og verður hann auglýstur sérstaklega en þá er m.a. opið laugardaga og sunnudaga.



## Fjarnám

Fjarnám er kjörinn valkostur fyrir þá sem eiga eftir að ljúka námi eða vilja bæta við sig áföngum. Skráning á haustönn 2015 fer fram á heimasíðunni. Hægt er að skrá sig til og með 7. september. Kennsla hefst 8. september, en þá verða aðgangsorð að kennslukerfinu send nemenda. Athugið að nemendum í dagskóla stendur ekki til boða að flýta fyrir sér með því að taka einstaka áfanga í fjarnámi áður en þeir eru kenndir í dagskóla.



Skemmtinefnd hefur lagt sig hart fram um að gera þessa viku að eftirminnilegri og jákvæðri upplifun fyrstu dagana í nýjum skóla.

Foreldrar og forráðamenn nýnema hafa þegar fengið helstu upplýsingar um ferðina og til þess að nemandi fái að fara í ferðina þarf að liggja fyrir upplýst samþykki foreldra/forráðamanna. Ef eitthvað er óljóst eða koma þarf upplýsingum á framfæri er best að hafa samband við nemendabjónustuna, sem verður með í för.